**Byggðaþróunarfulltrúi í Rangárþingi ytra og eystra**

Sveitarfélögin Rangárþing ytra og Rangárþing eystra í samstarfi við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga auglýsa laust til umsóknar starf byggðaþróunarfulltrúa.

Byggðaþróunarfulltrúi veitir ráðgjöf og handleiðslu á sviði atvinnu- og byggðaþróunar, vinnur að upplýsingaöflun, miðlun upplýsinga og svæðisbundnum verkefnum á sviði byggðaþróunar. Byggðaþróunarfulltrúi sinnir verkefnum í samráði við sveitarfélögin tvö og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS). Einnig starfar fulltrúinn með samstarfshópi samtakanna og öðrum byggðaþróunarfulltrúum á Suðurlandi.

Um er að ræða framtíðarstarf með allt að 100% starfshlutfalli og hefur viðkomandi starfsaðstöðu í ráðhúsi Rangárþings eystra á Hvolsvelli. Næsti yfirmaður er sveitarstjóri Rangárþings eystra.

**Hlutverk byggðaþróunarfulltrúa:**

- Veita ráðgjöf og handleiðslu á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningarmála með sérstaka áherslu á umsækjendur og styrkþega Uppbyggingarsjóðs Suðurlands.
- Aðkoma að fræðslu og þjálfun fyrir frumkvöðla.
- Vinna við söfnun og greiningu upplýsinga á sviði atvinnu- og byggðamála.
- Vinna að upplýsingamiðlun um stoðkerfi atvinnuþróunar, nýsköpunar, menningar og byggðamála.
- Hvetja hagaðila innan svæðis til verkefnaþróunar og þátttöku í samstarfsverkefnum.
- Styðja við stefnumörkun sveitarfélaganna á sviði byggðamála og framfylgja einstökum aðgerðum.
- Vinna að og þróa svæðisbundin verkefni að eigin frumkvæði og í samstarfi við hagaðila.
- Vinna að gerð sameiginlegrar atvinnustefnu sveitarfélaganna og framfylgja henni.
- Viðkomandi vinnur í samstarfi við markaðs- og kynningarfulltrúa sveitarfélaganna.

**Hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af verkefnastjórnun og/eða ráðgjöf æskileg.
- Góð færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund.
- Góð tölvufærni og hæfni í tjáningu í ræðu og riti.
- Frumkvæði í starfi og góð hæfni í að vinna með öðrum.
- Áhugi á að tileinka sér nýja þekkingu og miðla henni áfram.
- Þekking á nærsamfélaginu er æskileg og áhugi á að efla sitt tengslanet.

Æskilegt er að viðkomandi hafi fasta búsetu í Rangárvallasýslu og geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2023. Umsókn skal skilað á netfangið anton@hvolsvollur.is og þarf henni að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð